

Sálfræðipjónusta fyrir börn á heilsugæslustöðvum HVE

Sálfræðingar á heilsugæslustöðvum á Vesturlandi veita börnum meðferð við vægum til miðlungs alvarlegum hegðunar- og tilfinningavanda og foreldrum þeirra ráðgjöf.

Pjónustan:

- Er hugsuð sem viðbót við þá þjónustu sem er fyrir í boði hjá sveitarfélögunum.
- Ef önnur úrræði í boði hafa ekki leitt til árangurs er vísað á sálfræðipjónustu í heilsugæslu.

Fyrir hverja:

- **Meðferð fyrir börn og unglinga að 18 ára aldri** með vægan til miðlungs hegðunar- og tilfinningavanda (s.s. reiðistjórnunarvanda, kvíða, þunglyndi).
- Vandir dregur úr lífsgæðum og/eða veldur hömlun í daglegu lífi.
- Ráðgjöf til foreldra
- Heilsugæslan er ekki langtíma úrræði fyrir alvarlegan geðrænan vanda. Ef vandi er það alvarlegur eða fjölþættur að ljóst er að til þarf langtíma meðferðarúrræði er viðkomandi aðstoðaður við að finna slíkt úrræði.
- Sálfræðipjónusta HVE sinnir ekki ADHD greiningum, greindarpófunum, þroskamaötum eða einhverfugreiningum.

Tilvísanir:

Tilvísanir í meðferðina verða að koma frá lækni á heilsugæslustöð.

Meðferðarnálgun:

- Meðferðin byggir á hugrænni atferlismeðferð
- Meðferð fyrir börn með vægan til miðlungs tilfinningavanda
 - Miðað við 4-8 viðtöl eða eftir mati sálfræðings
- Ráðgjafarviðtöl fyrir foreldra verða í boði
 - Miðað við 1-3 viðtöl eða eftir mati sálfræðings
- Meðferð barna er unnin í samvinnu við foreldra
- Hópnámskeið verða í boði (Klókir krakkar 8-12 ára)
- Ef ekki næst árangur á heilsugæslu mun sálfræðingur aðstoða við að vísa í frekara úrræði

Staðsetning og samvinna:

Þjónusta barnasálfræðings á HVE nær til allra sveitarfélaga á Vesturlandi. Sálfræðingurinn hefur aðsetur á Akranesi en reynt verður að koma til móts við íbúa annarsstaðar á svæðinu eins og mögulegt er um staðsetningu viðtala. Sálfræðingar starfa í samvinnu við aðrar stéttir innan heilsugæslu sem og stofnanir sem tengast heilsugæslunni.

Umsjón: Emil Einarsson
emil.einarsson@hve.is
4321200